



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: Samstarf ríkis og borgar um hjúkrunarheimili

Lagt er til að stofnað verði til viðræðna við heilbrigðisráðuneytið og félagsmálaráðuneytið vegna reksturs 10-15 hjúrunarrýma fyrir heimilislausu einstaklinga með fíknivanda.

Greinargerð:

Um alllangt skeið hafa nokkrir einstaklingar með fjölpættan heilbrigðis- og félagslegan vanda dvalið langdvölum í Gistiskýli Reykjavíkurborgar. Vikið var að vanda þessa hóps í skýrslu er fylgdi nýlegri stefnu Reykjavíkurborgar um málefni heimilislausra. Þar segir: „*Heimilislausir einstaklingar glíma oft við mikinn heilbrigðisvanda sem hefur félagslegar afleiðingar í för með sér. Heildstæð þjónusta er forsenda árangurs, en ljóst er að heilbrigðisþjónusta er á ábyrgð ríkisins og því verður að nást samstaða um nauðsynlegar úrbætur.*“ Í aðgerðaáætlun sem fylgdi stefnunni var lagt til að stofnað yrði til viðræðna við heilbrigðisráðuneytið um hjúkrunarrými fyrir þennan hóp og aðra í sambærilegri stöðu.

Í dag eru sjö einstaklingar í Gistiskýlinu sem eru í þessum hópi. Hér er um að ræða einstaklinga sem eru komnir með samþykkt færni og heilsufarsmat út frá hjúkrunarþörfum og nokkrir hafa fengið úthlutað á hjúkrunarheimli en hafa ekki náð að nýta sér það vegna ólíkra þjónustuparfa

Samkvæmt reglugerð 1185/2014 greiðir ríkið daggjöld vegna hjúkrunarrýma og í þessu tilviki yrðu gjöldin hærrí vegna sérstakrar umönnunarþarfar, skilgreint sem sérrými í gjaldsskrá Sjúkratrygginga Íslands. Sveitarfélaginu ber að leggja til húsnæði fyrir starfsseminna.